# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 10. maí kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 727. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Margrét Þormar, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Jón Kjartan Ágústsson og Birkir Ingibjartsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

1. **Fjólugata 19,** *Breytingar inni og úti - fjölgun eigna* (01.185.513) Mál nr. BN055935 Skjalnr. 13847

Guðjón Ingi Árnason, Fjólugata 19, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir þremur íbúðum í húsinu, auka salarhæð í kjallara, stækka bílskúr, breyta aðkomutröppum, stækka og sameina svalir á 2. hæð, fjarlægja skorstein og endurnýja þak, einnig er sótt um leyfi til að hækka þak og koma fyrir sorpgeymslu á lóð nr. 19 við Fjólugötu. Einnig eru lagðar fram teikningar dags. 15. mars 2019. Erindi var grenndarkynnt frá 9. apríl 2019 til og með 7. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Flosi Kristjánsson, Björn Þorsteinsson og Ragna Þórhallsdóttir dags. 25. apríl 2019, Auður Geirsdóttir f.h. norska sendiráðsins dags. 7. maí 2019 og Stefán Haraldsson dags. 7. maí 2019.
Jafnframt er erindi BN053919 dregið til baka. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 15. mars 2019. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

2. **Njálsgata 36,** *(fsp) stækkun og hækkun húss* (01.190.2) Mál nr. SN170751 Skjalnr. 11654

Brynjar Harðarson, Langalína 28, 210 Garðabær
501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. október 2017 var lögð fram fyrirspurn Kristjáns Ásgeirssonar mótt. 10. október 2017 ásamt bréfi dags. 10. október 2017 um að stækka og hækka fremri húsið á lóð á lóð nr. 36 við Njálsgötu og halda bakhúsinu á lóðinni, samkvæmt uppdr. Alark arkitekta ehf., dags. 10. október 2017. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. febrúar 2018. Fyrirspurninni var frestað og er nú lögð fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. febrúar 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Brynjars Harðarsonar f.h. SV50 ehf. dags. 22. febrúar 2019.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

3. **Flókagata 16A,** *Bílskúr* (01.247.204) Mál nr. BN055797
Skjalnr. 14087

570210-1140 Jóli slf., Flókagötu 16a, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr í suðausturhorni lóðar nr. 16A við Flókagötu. Erindi var grenndarkynnt frá 4. apríl 2019 til og með 2. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.
Stærðir: 36.4 ferm., 107.7 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.247.2 dags. í september 1948.
Gjald kr. 11.200
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

4. **Grensásvegur 8-10,** *(fsp) nr. 10 - breyting á notkun* (01.295.3) Mál nr. SN190258
Skjalnr. 5156

701211-1620 Hraunbraut ehf., Síðumúla 12, 108 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 16. apríl 2019 ásamt bréfi dags. 16. apríl 2019 um breytingu á notkun hússins nr. 10 á lóð nr. 8-10 við Grensásveg úr verslunar- og skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

5. **Lokastígur 3,** *(fsp) kvistur* (01.181.2) Mál nr. SN190264
Skjalnr. 13126

Einar Sörli Einarsson, Lokastígur 3, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Einars Sörla Einarssonar dags. 24. apríl 2019 um að setja kvist á húsið á lóð nr. 3 við Lokastíg, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019 samþykkt.*

6. **Mjódd,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* Mál nr. SN190242
Skjalnr. 12356

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 10. apríl 2019 um breytingu á deiliskipulagi Mjóddar sem felst í endurskoðun lóðarmarka allra lóða í Mjóddinni þ.m.t. bílastæðalóða og aðlaga að núverandi stöðu bygginga og afnota af lóðum. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019 samþykkt.*

7. **Nesvegur 43,** *(fsp) niðurrif og uppbygging* (01.531) Mál nr. SN190224
Skjalnr. 14109

Eyjólfur Edvard Jónsson, Háaleitisbraut 113, 108 Reykjavík
571005-0770 Nesvegur 43,húsfélag, Nesvegi 43, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Eyjólfs Edvards Jónssonar dags. 1. apríl 2019 um að rífa niður húsið á lóð nr. 43 við Nesveg og byggja nýtt 3. hæða hús. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.*

8. **Óðinsgata og Óðinstorg,** *framkvæmdaleyfi* (01.18) Mál nr. SN190269
Skjalnr. 6974

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 2. maí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjun Óðinsgötu á milli Freyjutorgs og Skólavörðustígs og Spítalastígs á milli Týsgötu og Óðinsgötu ásamt endurnýjun Óðinstorgs á milli Týsgötu og Óðinsgötu. Að auki verður lögð stofnlögn fyrir snjóbræðslukerfi frá Skólavörðustíg 10 að Freyjugötu um Óðinstorg. Einnig er lagt fram teikningarsett dags. í mars 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

9. **Skipholtsreitur vegna Skipholts 29,** *breyting á deiliskipulagi* (01.250.1) Mál nr. SN180635 Skjalnr. 6213

700412-0910 X-JB ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
490216-0650 GP-arkitekt ehf., Litlubæjarvör 4, 225 Álftanes

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn GP-arkitekta ehf. dags. 12. september 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðarinnar nr. 29 við Skipholt. Í breytingunni felst að breyta þaki yfir 4. hæð á bakhúsi þannig að hægt sé að nýta fulla hæð, samkvæmt uppdr. GP-arkitekta ehf. dags. 1. september 2018 br. 12. febrúar 2019. Einnig eru lagðir fram skuggavarpsuppdr. GP-arkitekta ehf. dags. 13. febrúar 2019 og 20. mars 2019. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa mótt. 20. mars 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 4. apríl 2019 til og með 2. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

10. **Tjarnargata 24,** *(fsp) bílskúr, innkeyrsla og bílastæði* (01.142.0) Mál nr. SN190218 Skjalnr. 6776

701205-2000 Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Davíðs Kristjáns Chatham Pitt dags. 28. mars 2019 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 24 við Tjarnargötu og gera innkeyrslur og bílastæði fyrir framan bílskúr, samkvæmt uppdr. Davíðs Kristjáns Chatham Pitt 10. mars 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019 samþykkt.*

11. **Týsgata,** *framkvæmdaleyfi* (01.18) Mál nr. SN190275 Skjalnr. 8170

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 6. maí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar Týsgötu á milli Þórsgötu og Skólavörðustíg. Einnig er lagt fram teiknigarhefti dags. í apríl 2019.Einnig umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

12. **Tómasarhagi 42,** *Kvistur endurnýjaði - svalir í þak* (01.545.107) Mál nr. BN056101 Skjalnr. 14124

Geir Gunnlaugsson, Tjarnargata 16, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að stækka kvisti á vestur- og austurhlið og setja upp nýjar svalir á þak við báða kvistina á húsi á lóð nr. 42 við Tómasarhaga. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 8. apríl 2019. Stækkun: 3,3 ferm., 10,4 rúmm.
Gjald kr. 11.200
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019 samþykkt.*

13. **Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi,** *nýtt deiliskipulag* Mál nr. SN180683 Skjalnr. 8534

510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð er fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, samkvæmt deiliskipulagsuppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 11. desember 2018. Einnig er lagður fram skuggavarpsuppdráttur THG Arkitekta ehf. dags. 1. október 2018, leiðr. 8. febrúar 2019. Jafnframt er lögð fram drög að húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur. Tillagan var auglýst frá 26. febrúar 2019 til og með 9. apríl 2019. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Sigurður Á Þráinsson og Sólveig K Jónsdóttir, Hjarðarhaga 27, dags 1.febrúar, Athugasemdir og undirskriftir 23 aðila að Tómasarhaga 32, Arnargötu 14, Dunhaga 19,21 og 23, Fálkagötu 25, 27 og 34, dags. 7. febrúar 2019, Athugasemdir og undirskriftir 5 aðila að Tómasarhaga 32,34,35,37 og 39, Athugasemdir og undirskriftir frá íbúum og eigendum Hjarðarhaga 27, dags 7. febrúar, Áslaug Árnadóttir f.h. Árna Kolbeinssonar, Tómasarhaga 34, dags. 7. febrúar 2019, Einar Ólafsson, Tómasarhaga 32, dags. 8. febrúar 2019, ASK Arkitektar ehf., Páll Gunnlaugsson, f.h. eigenda tveggja íbúða við Tómasarhaga mótt. 19. mars 2019, Þórný Hlynsdóttir dags. 21. mars 2019, Ásdís Schram dags. 7. apríl 2019, Fannar Jónsson og Elísabet S. Auðunsdóttir dags. 8. apríl 2019, Íbúar og eigendur að Hjarðarhaga 27 dags. 8. apríl 2019, Kolbrún Vaka Helgadóttir og Hilmar Guðjónsson dags. 8. apríl 2019, Eva Björk Valdimarsdóttir dags. 9. apríl 2019, Tómas Hansson, dags, 9. apríl 2019 og athugasemdir og undirskriftalisti 49 aðila dags. 9. apríl 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

14. **Skógarhlíð 22, Þóroddsstaðir,** *breyting á deiliskipulagi* (01.705.8) Mál nr. SN160912 Skjalnr. 7116

450406-0230 VERT ehf., Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík
470498-2699 Hornsteinar arkitektar ehf, Ingólfsstræti 5, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Hornsteina arkitekta ehf. mótt. 1. desember 2016 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skógarhlíðar vegna lóðarinnar nr. 22 við Skógarhlíð. Í breytingunni felst að að skilgreina notkun lóðarinnar undir íbúðabyggð og heimila uppbyggingu húsnæðis sem tekur mið af formgerð Þóroddsstaða. Heimilt verði að byggja allt að 18 íbúðir á lóðinni, að hámarki 6 íbúðir í núverandi húsi (Þóroddsstöðum) og að hámarki 12 íbúðir í nýbyggingunni, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. janúar 2018. Einnig er lögð fram drög að greinargerð, ódags., umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 28. mars 2017 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. maí 2017. Tillagan var auglýst frá 26. mars 2018 til og með 7. maí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Anna Úrsúla dags. 26. mars 2018, undirskriftarlisti 12 aðila dags. 7. maí 2018 og Veitur dags. 7. maí 2018. Einnig er lagt fram bréf Karim Askari forstjóra stofnunar múslima á Íslandi dags. 6. apríl 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2018. Jafnframt er lagt fram

bréf Skipulagsstofnunar þar sem stofnunin áréttar að þar sem ekki er möguleiki á að birta auglýsingu um gildistöku skipulagsins innan árs frá því að skipulagsfresti lauk (sbr. 2. mgr. 42. gr. Skipulagslaga) þarf það að fara aftur í gegnum samþykktir og auglýsingu sbr. 41. gr.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. sbr. 12. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

15. **Sóleyjargata 13,** *Breikkun glugga efstu hæð.* (01.185.007) Mál nr. BN056125
Skjalnr. 8210

Magnús Árni Skúlason, Sóleyjargata 13, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að stækka glugga á vestanverðri þakhæð fjölbýlishúss á lóð nr. 13 við Sóleyjargötu.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15. og 16. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

16. **Skólavörðustígur 15,** *Breytingar innan- og utanhúss* (01.182.008) Mál nr. BN056146
Skjalnr. 13955

600298-2169 12 tónar ehf, Skólavörðustíg 15, 101 Reykjavík
480198-2479 Skólavörðustígur 15 ehf, Skólavörðustíg 15, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, koma þar fyrir snyrtingum fyrir gesti og breyta í veitingastað í flokki I og II í húsi á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg.
Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

17. **Seljavegur 1,** *breyting á deiliskipulagi* (01.130.2) Mál nr. SN180185
Skjalnr. 13910

450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík
700485-0139 Minjavernd hf., Koparsléttu 11, 162

Lögð fram umsókn Richards Ólafs Briem f.h. Minjaverndar hf. dags. 12. mars 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni felst að breyta stærð og lögun byggingarreits lóðarinnar til þess að flutningshús rúmist innan hans, tröppur og stoðveggir við aðalinngang eru að hluta til utan byggingarreits, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdr. VA arkitekta ehf. dags. 8. mars 2018. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 13. desember 2017 og 15. mars 2018, umsagnir Minjastofnunar dags. 5. desember 2017 og 6. mars 2018, greinargerð EFLU dags. 28. febrúar 2018 og bréf Minjaverndar dags. 29. nóvember 2017, 5. mars 2018 og ódags. Einnig lagt fram bréf skrifstofu sviðsstjóra dags. 12. apríl 2019.
*Málið fellt niður sbr. bréf skrifstofu sviðsstjóra dags. 12. apríl 2019.*

18. **Granaskjól 48,** *Viðbygging sbr. BN048548* (01.515.303) Mál nr. BN055941
Skjalnr. 11270

Arnbjörn Ingimundarson, Granaskjól 48, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta

erindi BN048548 þannig að viðbygging á norðurhlið er stækkuð á húsi nr. 48 á lóð nr. 48-52 við Granaskjól. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 31. janúar 2019 og bréf frá hönnuði dags. 16. apríl 2019. Stækkun: 3,6 ferm. 12,9 rúmm. Gjald kr. 11.200
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Granaskjóli 36, 50 og 52.*

*Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

19. **Laugarásvegur 40,** *(fsp) stækkun húss o.fl.* (01.385) Mál nr. SN190214 Skjalnr. 14108

550218-1430 BBG ehf., Stórholti 47, 105 Reykjavík
Kristján Bjarnason, Flúðasel 66, 109 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Kristjáns Bjarnasonar dags. 26. mars 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 40 við Laugarásveg til auðausturs, stækka anddyri og núverandi svalir og setja svalir á norðvesturhlið húss, samkvæmt uppdr. Arkitektastofunnar Austurvöllur dags. 20. febrúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2019.
*Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2019.*

20. **Laugateigur 21,** *Rishæð - fjölga eignum* (01.364.111) Mál nr. BN056011 Skjalnr. 13525

Freyr Arnarson, Laugateigur 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka þak og byggja kvisti og innrétta risíbúð í húsi á lóð nr. 21 við Laugateig.
Stækkun: 50,5 ferm., 152,9 rúmm. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 12. mars 2019. Gjald kr. 11.200
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

21. **Njálsgata 51,** *breyting á deiliskipulagi* (01.190.1) Mál nr. SN190078 Skjalnr. 13289

Sara Marti Guðmundsdóttir, Njálsgata 51, 101 Reykjavík
Jeannot A Tsirenge, Fellsmúli 15, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. mars 2019 var lögð fram umsókn Jeannot A. Tsirenge dags. 27. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits vegna lóðarinnar nr. 51 við Njálsgötu. Í breytingunni felst stækkun á norðurhorni 2. hæðar hússins, samkvæmt uppdr. Jeannot A. Tsirenge arkitekts dags. 5. maí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Grettisgötu 50, 52 og 54B og Njálsgötu 49 og 53-57.*

*Vakin er athygli á að umsækjandi þarf að greiða fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7.6. gr. sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

22. **Rauðagerði 27,** *breyting á deiliskipulagi* (01.821.2) Mál nr. SN180047 Skjalnr. 6353

530169-5539 Félag íslenskra hljómlistarm, Rauðagerði 27, 108 Reykjavík
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Ólafs Óskars Axelssonar f.h. Félags íslenskra hljómlistarm. dags. 24. janúar 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 27 við Rauðagerði. Í breytingunni felst að gera nýjan byggingarreit fyrir

tvær færanlegar kennslustofur norðaustanmegin við tónleikasal, við lóðarmörk, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 24. janúar 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. ágúst 2018 til og með 6. september 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jóhanna Guðmundsdóttir og Helgi Helgason dags. 4. september 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. september 2018 og er nú lagt fram að nýju.
*Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*

23. **Reynimelur 26,** *(fsp) lyfta þaki hússins* (01.541.1) Mál nr. SN190256
Skjalnr. 14120

Árni Zophoníasson, Reynimelur 26, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Árna Zophoníassonar og Ingibjargar J. Friðbertsdóttur mótt. 9. apríl 2019 um að lyfta þaki hússins á lóð nr. 26 við Reynimel. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2019 samþykkt.*

24. **Rökkvatjörn 3,** *breyting á deiliskipulagi* (05.051.4) Mál nr. SN190250
Skjalnr. 14052

510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 15. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 3 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit fjölbýlishúss og fjölgun bílastæða úr 7 í 9 ásamt sleppistæði fyrir akstursþjónustu, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 12. apríl 2019.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Gæfutjörn 10, 12 og 14, Rökkvatjörn 6-8 og Jarpstjörn 6-8, 10, 12 og 14.*

*Vakin er athygli á að umsækjandi þarf að greiða fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7.6. gr. sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

25. **Borgartún 35-37,** *37 - LED auglýsingaskilti* (01.219.102) Mál nr. BN055929
Skjalnr. 11418

530292-2079 Origo hf., Borgartúni 37, 105 Reykjavík
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir auglýsingaskilti á suður- og norðurhlið mhl. 01 á lóð 35-37 við Borgartún. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.*

26. **Dvergshöfði 27,** *(fsp) breyting á deiliskipulagi* (04.063.1) Mál nr. SN190267
Skjalnr. 9555

430801-2520 Stálsmiðjan-Framtak ehf., Vesturhrauni 1, 210 Garðabær
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 5. maí 2019 um að breyta núverandi atvinnuhúsnæði á lóð nr. 27 við Dvergshöfða í íbúðarhúsnæði með verslun og þjónusturýmum á jarðhæð og hækka húsið um tvær hæðir auk þess að byggja yfir

bílastæði á baklóð og gera garð fyrir íbúa ofan á bílageymslunni, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. ódags.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

27. **Hulduland 1-11 2-48,** *(fsp) - 14 - Gluggar kjallara* (01.860.201) Mál nr. BN056115 Skjalnr. 10492

Jóhannes Eiríksson, Hulduland 14, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. apríl 2019 þar sem spurt er hvort hvort leyfi fengist til að breyta tveimur útveggjum og bæta við fjórum gluggum í kjallara, tveimur gluggum á vesturhlið og tveimur á norðurhlið húss nr. 14 á lóð nr. 1-11 2-48 við Hulduland. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.*

28. **Kringlureitur,** *rammaskipulag* (01.721) Mál nr. SN180331 Skjalnr. 7497

Lagt fram bréf Atlas lögmanna f.h. eigendur Húss verslunarinnar dags. 31. janúar 2019 varðandi rammaskipulag fyrir Kringlusvæðið og áskorun um samráð áður en frekari vinna fer fram við skipulag á svæðinu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019 samþykkt.*

29. **Láland 2-8,** *nr. 2 - breyting á deiliskipulagi* (01.874.2) Mál nr. SN190197 Skjalnr. 11544

Trausti Ágústsson, Láland 2, 108 Reykjavík
621097-2109 Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Orra Árnasonar dags. 21. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 2-8 við Láland. Í breytingunni felst að þakformi og vegghæð húss nr. 2 við Láland er breytt að hluta til, samkvæmt uppdr. Zeppelin ehf. dags. 21. mars 2019. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa mótt. 28. mars 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 9. apríl 2019 til og með 7. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar*

30. **Síðumúli 23,** *Reyndarteikningar 3.hæð* (01.295.105) Mál nr. BN055643 Skjalnr. 7734

690372-0109 Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 3. hæð og staðsetja nýjan flóttastiga á bakhlið húss á lóð nr. 23 við Síðumúla. Erindi var grenndarkynnt frá 25. mars 2019 til og með 22. apríl 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jón Ingvar Garðarsson dags. 22. apríl 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 og er nú lagt fram að nýju.
Samþykki meðeigenda dags. 7. janúar 2019 og skýringarblað hönnuðar ódags. fylgir erindi. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019. Gjald kr. 11.200
*Visað til skipulags- og samgönguráðs.*

31. **Sóltún 24-26,** *26 - Ný ljósa útiskilti - suður- og norðurhlið* (01.232.101) Mál nr. BN055977 Skjalnr. 7833

590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja skilti er sýna götuheiti og húsnúmer og koma fyrir nýjum ljósaskiltum á suður-

og norðurhlið húss á lóð nr. 26 við Sóltún. Einnig er lögð fram teikning Arkitektastofunnar Austurvöllur dags. 3. maí 20019 vegna ljósmagns. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.

Gjald kr. 11.200

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019 samþykkt.*

32. **Hálsakot,** *(fsp) breyta sumarhúsi í einbýlishús*

Mál nr. SN190254
Skjalnr. 13882

Jón Birgir Kjartansson, Kríuás 17A, 221 Hafnarfjörður

Lögð fram fyrirspurn Jóns Birgis Kjartanssonar mótt. 11. apríl 2019 um að breyta sumarhúsi á lóðinni Hálsakot í Úlfarsfellslandi í einbýlishús.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

33. **Fiskislóð 20-22,** *nr. 22 - staðsetning útibús ökutækjaleigu* (01.087.7)

Mál nr. SN190244
Skjalnr. 13661

540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 4. apríl 2019 þar sem óskað er eftir umsögn um staðsetningu útibús ökutækjaleigu, sem starfrækt er á Blikastöðum 3 í Reykjanesbæ, að Fiskislóð 22. Fjöldi bifreiða frá júní -ágúst allt að 20 ökutæki, en frá september til maí 10 ökutæki. Ökutæki munu vera geymd að Fiskislóð 29. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.

*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.*

34. **Holtavegur 8-10,** *nr. 10 - staðsetning ökutækjaleigu* (01.408.1)

Mál nr. SN190259
Skjalnr. 5353

540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 16. apríl 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Arnars Kristinssonar f.h. Eskimo Rental ehf. um að reka ökutækjaleigu að Holtavegi 10. Sótt er um leyfi fyrir 8 ökutækjum í útleigu. Geymslustaður bifreiða verður að Smiðjuvegi 46E, gul gata, Kópavogur. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.

*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.*

35. **Samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur,** *Skilti í lögsögu Reykjavíkur*

Mál nr. SN170096
Skjalnr. 8288

Lögð fram drög starfshóps varðandi samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur dags. 15. febrúar 2019 ásamt korti. Einnig er lögð fram skýrsla Lisku dags. í apríl 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn Íþróttabandalags Reykjavíkur mótt 18. mars 2019 og umsögn Billboard mótt. 15. mars 2019.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

36. **Hlemmur, mathöll,** *ósk um umsögn - stækkun* (01.2)

Mál nr. SN190276
Skjalnr. 12842

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagður fram tölvupóstur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 8. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa á hugmyndum leigutaka Mathallar við Hlemm dags. 3. janúar 2019 um mögulega stækkun Hlemms.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

37. **Bárugata 10,** *(fsp) svalir* (01.136.2) Mál nr. SN190181 Skjalnr. 14099

Helga S Knudsen Hilmarsdóttir, Bárugata 10, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Helgu S. Knudsen Hilmarsdóttur dags. 18. mars 2019 um að setja svalir á 1. hæð hússins á lóð nr. 10 við Bárugötu.
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

38. **Hólmaslóð 6,** *Bæta við 3.hæðinni á núverandi hús og bæta við tveggja hæða viðbyggingu.* (01.111.402) Mál nr. BN056134 Skjalnr. 14125

Katrín Þorvaldsdóttir, Háahlíð 12, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að hækka hús um eina hæð og reisa tveggja hæða viðbyggingu við suðausturhlið húss á lóð nr. 6 við Hólmaslóð.
Stækkun: 728.9 ferm., xx rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dagsett 24. apríl 2019, heildar varmatapsrammi fyrir Hólmaslóð 6 dags. 17. apríl 2019, mæliblað 1.111.401, 1.111.402 síðast breytt í júní 2005. Gjald 1.200 kr
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

39. **Teigahverfi,** *breyting á deiliskipulagi vegna Kirkjuteigs 24* (01.360) Mál nr. SN190278 Skjalnr. 7911

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 9. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig. Í breytingunni felst að stækka núverandi byggingu leikskólans þannig að skólinn verði átta deilda leikskóli, færanlegar kennslustofur á leikskólalóðinni verða fjarlægðar, um er að ræða byggingarreit fyrir allt að tveggja hæða byggingu að hluta til og verður hluti þaks á 1. hæð notað sem leiksvæði barnanna, norðan megin við núverandi leikskólabyggingu verður gert nýtt nýtt leiksvæði og einnig við lóðamörk leikskólans í austur sem munu nýtast bæði börnunum í Laugarnesskóla og þeim sem eru á leikskólanum Hofi og lóð leikskólans verður stækkuð til norðurs, samkvæmt deiliskipulag- og skýringaruppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 8.maí 2019. Einnig er lagt fram heildaryfirlit lóða leikskólans og grunnskólans ódags. og minnisblað skóla- og frístundasviðs dags. 9. maí 2019.
*Visað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

40. **Silfratjörn 26-32,** *málskot* (05.052.4) Mál nr. SN190270 Skjalnr. 14072

681206-0510 Stéttafélagið ehf., Breiðhellu 12, 221 Hafnarfjörður

Lagt fram málskot Stéttafélagsins ehf. dags. 2. maí 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 15. febrúar 2019 um stækkun á byggingarreit lóðarinnar nr. 26-32 við Silfratjörn.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

41. **Flugvöllur,** *Flugskýli 3 - Stöðuleyfi fyrir skrifstofur og snyrtieiningar* (01.68-.-99) Mál nr. BN055978 Skjalnr. 12203

550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir 6 skrifstofu- og snyrtieiningar norðan við flugskýli 3 á lóð Reykjavíkurflugvallar.
Stærð: 88,2 ferm., 247,7 rúmm. Gjald kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

42. **Seljavegur 13,** *(fsp) sólskáli og svalir* (01.133.2) Mál nr. SN190230
Skjalnr. 13695

Jóhann Einarsson, Dvergasteinar 4, 825 Stokkseyri
Stephan Stephensen, Tjarnargata 38, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn Jóhanns Einarssonar dags. 2. apríl 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 13 við Seljaveg sem felst í byggingu sólskála við 1. hæð hússins og nýta þak skálans sem svalir, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.*

43. **Suðurgata 41, Þjóðminjasafn,** *(fsp) skilti* (01.60) Mál nr. SN190225
Skjalnr. 6564

710269-2389 Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík
Sigurður Oddsson, Meistaravellir 33, 107 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Oddssonar dags. 2. apríl 2019 um að setja 1,5 metra breitt og 3 metra hátt skilti á lóð nr. 41 við Suðurgötu, samkvæmt tillögu ódags.
*Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.*

44. **Mosfellsbær, aðalskipulag,** *tillaga að breytingu á aðalskipulagi 2011-2030* Mál nr. SN190260
Skjalnr. 6368

470269-5969 Mosfellsbær, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lagt fram erindi Mosfellsbæjar dags. 17. apríl 2019 þar sem kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030: Frístundasvæði í suðurhluta Mosfellsbæjar, þétting núverandi frístundabyggðar og breytt landnotkun, samkvæmt uppdr. Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 27. september 2018. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 10. maí 2019.
*Umsögn deildarstjóra aðalskipulags dags. 10. maí 2019 samþykkt.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:47.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir Helena Stefánsdóttir